

12.08.2024

24196

Dreifing
Skipulagsstofnun
>Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Höfundur

EBA

Yfirfarið/Samþykkt

Þórður Már Sigfússon,
Reykjavíkurborg

Tílefni

Matsskyldufyrirspurn: Þjóðarhöll í Laugardal

Viðbrögð Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. við umsögnum

1 Viðbrögð Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf. við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var frá 14. maí til 14. júní 2024. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá fimm aðilum og bærust umsagnir frá fjórum þeirra. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Reykjavíkurborgar og Þjóðarhallar ehf.

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Reykjavíkurborg	Ekki þörf á viðbrögðum
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Minjastofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Umhverfisstofnun	Sendu ekki inn umsögn
Náttúrufræðistofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum

1.1 Viðbrögð við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar

Í umsögn segir:

„HER hefur farið yfir gögnin og telur að miðað við aðstæður og umfang framkvæmdar sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum. Nærliggjandi íbúðarbyggð er í um 300 m fjarlægð sem dregur úr líkum á að hávaði frá framkvæmdum valdi ónæði. Unnt er að beina umferð á framkvæmdatíma eftir öðrum leiðum en um Reykjaveg ef draga þarf úr ónæði vegna umferðar. HER vill þó benda á að umtalsverðar líkur eru á að fækkun bílastæða í nærumhverfi þjóðarhallar muni valda álagi í nærliggjandi íbúðargötum. Nú þegar er álag á svæðinu við stærri viðburði þrátt fyrir fjölda bílastæða í dalnum. Þó svo að markmið náist varðandi aukna hlutdeild vistvænna faramáta er líklegt að tímabundin vandamál skapist þegar viðburðir eru.“

Viðbrögð: Umsögn er í samræmi við niðurstöður mats á áhrifum. Framkvæmdin er í samræmi við stefnumörkun en gangi breytingar á ferðvenjum ekki eftir og seinkun verði á að ná markmiðum um breyttar ferðavenjur þá kann að skapast tímabundið aukið álag á þau bílastæði sem eru í nágrenni Laugardalsins.